




ÍSHELLIR Í LANGJÖKLI

Deiliskipulag – Tillaga

24.01.2024



Samþykktir

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitastjórn Bláskógarbyggðar þann _____

f.h. sveitarfélagsins Bláskógarbyggð

SKIPULAGSFERLI

Tillagan var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var staðfest með auglýsingu í

B-deild Stjórnartíðinda þann: _____

Skipulagsgögn

Greinargerð ásamt skipulagsupprætti og umhverfisskýrslu.

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

9419-001-DSK-V05

HÖFUNDUR

Margrét Róbertsdóttir

RÝNT

Ingibjörg Sveinsdóttir/Ásgeir Jónsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
1.2	Markmið	4
2	FORSENDUR	5
2.1	Skipulagssvæðið og staðhættir	5
2.2	Framkvæmdalýsing	5
2.3	Minjar	6
2.4	Náttúruvá og hreyfing jökuls	6
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Landsskipulagsstefna	6
3.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	6
3.3	Samræmi breytingarinnar við aðalskipulag	8
3.4	Áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018 - 2021	8
4	SKIPULAGSSKILMÁLAR	8
4.1	Lóð	8
4.2	Heimilaðar framkvæmdir innan lóðar	9
4.3	Aðkoma	9
4.4	Viðhald	10
4.5	Frágangur svæðisins	10
4.6	Öryggi	10
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	11
5.1	Mat á umhverfisáhrifum	11
5.1.1	Niðurstaða	12
6	SKIPULAGSFERLIÐ	12
6.1	Umsagnaraðilar	12
6.2	Umsagnaraðilar deiliskipulagstillögu	13
6.3	Skipulagsferlið	13

1 INNGANGUR

Sett er fram nýtt deiliskipulag fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli þar sem ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu bjóða upp á jöklaferðir og vilja getað boðið upp á íshellaskoðun allt árið um kring með því að gera manngerðann íshelli í Langjökli. Samkeppni er milli ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu en þau vilja vera samstíga varðandi sameiginlega þætti s.s. varðandi aðkomu, slóða/vegi að jökli og á honum, öryggisþætti ferða o.fl.

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi frá Bláfellshálsi.

Deiliskipulagið nær yfir um 5 ha svæði og verður afmörkuð lóð, byggingarreitur og aðkoma að svæðinu auk skilmála.

Samhliða er gerð breyting á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skilgreint er nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli þar sem gert verður ráð fyrir aðkomu og slóða að hellinum og í deiliskipulagi þessu er nánari útfærsla íshellisins tilgreind.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru unnir á grunni loftmyndar frá Loftmyndum ehf, kortagrunnum frá IS50v frá LMÍ.

Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000.
- Yfirlitsuppdráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum.

1.2 Markmið

Helstu markmið með aðalskipulagsbreytingunni eru eftirfarandi:

Afmarka aðkomu, lóð og byggingarreit.

Efla ferðaþjónustu á svæðinu og anna eftirspurn eftir ferðum í íshella.

Skilgreina skilmála í deiliskipulagi.


Mikil eftirspurn er eftir ferðum í íshella og með gerð íshellis er verið að anna þeirri eftirspurn. Norðar á jöklinum er annað fyrirtæki með manngerðan íshelli og æskilegt þykir að bæta við helli, m.a. til að anna eftirspurn.

2 FORSENDUR

2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

Nýtt afþreyingar og ferðamannasvæði verður skilgreint á jökli. Aðkoma að Langjökli er um Skálpanesveg og núverandi vegslóða af honum. Slóði að jökli fellur innan skilgreininga reglugerðar um vegi í náttúru Íslands, nr. 260/2018.

Svæðið sem um ræðir fyrir íshellinn er innan þjóðlendu og er í rúmlega 1.100 m h.y.s. og er ofan jafnvægislinu í suðurhlíðum Langjökuls. Fyrirhugaður íshellir er alfarið utan hverfisverndaðs svæðis við Jarlhettur. Svæðið er alfarið á jökli og er aðkoma að jöklinum eftir vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi, á Bláfellshálsi. Aðstaða ferðapjónustu fyrirtækjanna er við Geldingafell.



MYND 1. Fyrirhuguð skipulagssvæðið er merkt með rauðum hringjum. (kort fengið af map.is).

2.2 Framkvæmdalýsing

Aðkoma að hellinum verður á snjó stærstan hluta árs. Manngerð ísgöng verða gerð með smágröfu með fræs. Fræsinn er útbúinn stáltönnum sem skafa ísinn í litlu magni í senn. Hætta á hruni inn í hellinum er lítil vegna aðferðar við fræsinguna en helst er hætta á hruni við gangnamunann. Aðstaða verður höggvin í snjó s.s. fyrir tröppur. Hurð verður fyrir hellinum svo að aðeins verður um áætlaðar ferðir í hellinn. Gert er ráð fyrir að íshellirinn verði um 80 – 150 m langur. Gert er ráð fyrir að hægt verði að loka gögnunum en ekki verður um neinar varanlegar byggingar eða framkvæmdir að ræða við íshellinn. Ekki verður nein þjónusta á jöklinum s.s. veitingarsala eða salernisaðstaða en rekstraraðilar sinna slíkri aðstöðu á þegar skilgreindum þjónustusvæðum neðan jökuls t.d. við Geldingafell. Aðkoma verður aðallega á vélknúnum tækjum á snjó/jökli s.s. vélsleðum en skoðað verður með umhverfisvæna ferðamáta s.s. rafsnyósleða.

2.3 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í þéttbýli í Bláskógabyggð en ólokið í dreifbýlinu. Engar þekktar fornminjar eru á umræddu svæði.

Finnist áður óþekktar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

2.4 Náttúruvá og hreyfing jökuls

Bláskógabyggð er á Suðurlandskjálftabeltinu og þar er mikil jarðskjálftahætta. Þá hefur skapast flóðahætta í eða við farvegi þegar jöklar hlaupa fram. Við framhlaup gengur jökullinn fram um mörg hundruð metra, þversprungur sumstaðar og brotnar allur upp annars staðar. Kæmi til framhlaups sem næði til umrædds svæðis eru líkur á að hellirinn eyðileggist með öllu og því mikilvægt að leggja mikla vinnu á hverju ári í viðhald.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna

Svæðið telst til miðhálandis Íslands. Í Landsskipulagsstefnu segir:

„Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrgæði hálandisins sem minnst.“

„Tryggja þarf aðgang almennings að miðhálandinu án þess að náttúran skaðist.“

„Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á hálandinu verði jafnframt lögð áhersla á að virðing sé borin fyrir náttúrulegu umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.“

Fyrirhugaðar framkvæmdir samræmast landsskipulagsstefnu þar sem ekki er verið að skerða víðerni eða önnur sérkenni hálandisins. Ferðir á jökli hafa ekki áhrif á náttúru að því leyti að ummerki eftir jeppa og vélsleða eru tiltölulega fljót að mást í burtu á síbreytilegu yfirborði jökulsins. Íshellar hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn en geta verið viðsjárverðir. Með framkvæmdinni er verið að tryggja ferðamönnum örugga upplifun í manngerðum íshelli. Þegar hætt verður að viðhalda íshellinum mun jökullinn sjá um að afmá öll ummerki um hann á fáum árum og því má segja að um afturkræfa framkvæmd sé um að ræða.

3.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Í gildi er Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 sem tók gildi í maí 2018. Svæðið sem breytingum tekur á jökli er með aðkomu eftir vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi, á Bláfellshálsi.

Í aðalskipulaginu segir:

„Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálandisins til útivistar og ferðapjónustu.“

„Öll mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað [...].“

„Fjölga afbreytingarmöguleikum til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.“

„Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.“

Í kafla 2.2 um Hálandi segir:


„Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálandisins.“

„Svæðið er afréttarland og verður áfram nýtt til beitar með áherslu á sjálfbæra nýtingu.“

„Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálandisins til útivistar og ferðapjónustu.“

„Stefnt er að auknu öryggi á hálandissvæðum sveitarfélagsins.“

„Áhersla er lögð á uppbyggingu stofnvega“.



MYND 2. Hluti Aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027, fyrirhugað skipulagssvæði er afmarkað með rauðum hring. Svæðið nær ekki inn fyrir hverfisverndað svæði.

3.3 Samræmi breytingarinnar við aðalskipulag

Fyrirhugaðar framkvæmdir falla vel að stefnu sveitarfélagsins er varðar nýtingu hálendisins til útivistar og eykur komu ferðamanna allt árið um kring. Manngerðir íshellar á þessu svæði falla vel að umhverfi og náttúru á jöklinum og hefur ekki neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna þar sem íshellar eru algengir á jöklum. Með manngerðum íshelli er hægt að tryggja öryggi ferðamanna en jafnframt gera það kleift að upplifa undur jökulsins eins og um náttúrulegan íshelli væri að ræða. Hverfisverndarsvæði HV20 liggur sunnar en áætlað skipulagssvæði og hefur því ekki áhrif á íshellinn.

3.4 Áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018 - 2021

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru taldar falla vel að stefnu sem sett er fram í Áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018 – 2021:

„Ferðaþjónusta á Suðurlandi er sjálfbær þar sem lögð er áhersla á heildræna þróun í sátt við náttúru og samfélag. Ferðaþjónustan er öflug atvinnugrein og samvinna ríkir á milli mismunandi hagsmunaaðila þar sem hugað er að gæðum, upplýsingagjöf og fræðslu“.

Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu.

„Til að ná þessu markmiði þarf meðal annars að miða uppbyggingu svæða bæði að íbúum og ferðamönnum í sátt við umhverfi og samfélag þar sem áætlanir eru gerðar til lengri tíma“.

Ferðaþjónusta styður við menningu og minjavernd.

„Til að ná þessu markmiði þarf meðal annars að efla og viðhalda menningu og verndun menningarsögulegra minja. Vinna þarf meira með matarmenningu svæðisins. Auka þarf fjölbreytni og styrkja samvinnu á milli ólíkra atvinnugreina á svæðunum, landbúnaðar, sjávarútvegs og ferðaþjónustu svo dæmi séu tekin“.

Uppbygging íshellis eykur fjölbreytni í ferðaþjónustu og er í sátt við umhverfið og er afturkræf framkvæmd. Með framkvæmdinni er hægt að tryggja ferðir á jökulinn sem áhugaverðan áfangastað allt árið um kring.

4 SKIPULAGSSKILMÁLAR

Skipulagssvæðið tekur yfir um 5 ha svæði á Suðurjökli í Langjökli. Á skipulagssvæðinu er afmörkuð lóð og byggingarreitur auk aðkomu að svæðinu.

4.1 Lóð


Skilgreind er um 3,5 ha lóð innan skipulagssvæðisins. Lóðin er höfð aflöng og töluvert stærri en sjálfur íshellirinn eða um 500 m löng þar sem líkur eru á að staðsetning íshellis hnিকist til vegna framskriðs og/eða hopunar jökulsins. Miðað er við að hellisop sé innan skilgreinds byggingarreits.

Lóðamörk eru sýnd á deiliskipulagsupprætti ásamt byggingarreit. Stærð lóðar og leiðbeinandi hnit hennar eru einnig sýnd á skipulagsupprætti.

4.2 Heimilaðar framkvæmdir innan lóðar

Innan lóðar er heimilt að gera manngerðan íshelli í jökulinn. Íshellirinn verður um 80 – 150 m langur, 4 m breiður og 3 m lofthæð. Heimilt er að loka helli með lás, m.a. til að óviðkomandi umferð fari ekki um hellin, sem er mikilvægt, m.a. út frá öryggissjónarmiði.

Hellirinn verður lýstur upp með raflýsingu frá rafgeymum. Í Geldingafelli er rafmagn tengt dreifkerfi Rariks þar sem hægt er að hlaða rafgeymana.



MYND 3. Dæmi um þversnið af íshelli.

4.3 Aðkoma

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi frá Bláfellshálsi. Gert er ráð fyrir að ferja ferðamenn að snjólinu hverju sinni. Að íshellinum er farið eftir jöklinum í norðvestur átt. Að íshellinum verður að mestu notast við vélsleða en einnig er möguleiki að komast að honum á breyttum bílum eða snjóbílum.



MYND 4. Núverandi vegslóði að skipulagssvæðinu er merktur inn á myndina (map.is).

4.4 Viðhald

Viðhald íshellisins verður með sambærilegri aðferð og við gerð hans, þ.e. með fræs. Ef hellinum er ekki viðhaldið mun hann hverfa og öll ummerki um hann þurrkast út á 2-3 árum ef jökullinn heldur áfram að hopa miðað við núverandi hraða.

4.5 Frágangur svæðisins

Ekki er fyrirhugað að nein aðstaða verði sett upp við íshellinn fyrir ferðamenn eða starfsfólk. Einungis er um 8 km í Geldingafell þar sem öll aðstaða er til staðar. Engin tæki verða geymd á jökli nema þegar um viðhald er að ræða og það sama gildir um eldsneyti sem verður aðeins ferjað þangað eftir þörfum. Allt rask utan íshellisins skal vera í lágmarki og skal frágangur vera snyrtilegur þannig að ásýndaráhrif verði lágmrökuð.

4.6 Öryggi

Öryggisáætlun vegna ferða sem ferðapjónustufyrirtæki á svæðinu bjóða upp á, er dags. 05.09.2023. Hlutverk hennar er að tryggja öryggi ferðamannsins og starfsmanna og tilgreinir m.a. viðbragðsáætlun í kjölfar slysa, kröfur og gátlista varðandi búnað ferðamanna, tækja og leiðsögumenn í ferðum sem farnar eru á vegum þessara fyrirtækja. Í köflum 9 og 10 er nánar fjallað um ferðir í íshella.

5 UMhverfismatsskýrsla

Framkvæmdin fellur undir lög umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Helstu umhverfisáhrif er umferð á jöklinum sem hefur í för með sér staðbundin áhrif. Íshellirinn sjálfur er einnig afturkræf framkvæmd sem hefur lítil sjónræn áhrif þar sem einungis op hans verður sjáanlegt þegar komið er að honum. Umferð á jöklinum hefur í för með sér útblástursmengun og hljóðmengun en fáir verða fyrir áhrifum og ætla má að flestir þeirra nýti sér vélknúin ökutæki til að ferðast á svæðinu. Til að draga úr mengun verður hluti vélsleðaflotans rafknúinn og hægt er að gera kröfu um að önnur faratæki verði ekki í lausagangi að óþörfu. Óveruleg áhrif verða af akstri á svæðinu og framfylgja skal að öllu leyti 1. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd þar sem segir: „*Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan þéttbýlis svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekja traust og augljóst að ekki sé hættu á náttúruspjöllum*“.

TAFLA 1. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	MATSSPURNINGAR
Ásýnd og landslag <i>Landslag. Náttúrulegt yfirbragð.</i>	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.	Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
Jarðmyndanir <i>Jarðmyndanir. Jarðvegur – jarðvegsrof. Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.	Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?
Heilsa og öryggi <i>Mengun og hávaði.</i>	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.	Er hættu á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?
Samfélag <i>Þjónusta við ferðamenn. Atvinnulíf. Útivistarmöguleikar.</i>	Stefna í aðalskipulagi um afþreyingar- og ferðamannastaði. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.	Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?
Minjar og verndarsvæði <i>Hverfisvernd. Fornminjar. Vatnsvernd.</i>	Stefna í aðalskipulagi um verndarsvæði. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. Náttúruminjasrá. Lög nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.	Hefur stefnan áhrif á náttúruminjar? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði?

5.1 Mat á umhverfisáhrifum

Grunnástand – Núll-kostur: Ekkert deiliskipulag er í gildi. Vegslóði liggur að jöklinum og er náttúrulegur íshellir á svæðinu.

Nýtt deiliskipulag: Náttúrulegum íshelli sem er á svæðinu verður haldið við og skipulagssvæðinu er afmörkuð lóð og byggingarreitur auk aðkomu að svæðinu.

Áhrif á ásýnd og landslag eru óveruleg. Breytingin er ekki talin skerða óbyggð víðerni og er hún því ekki talin hafa áhrif á ásýnd svæðis og landslags þess. Engar byggingar verða á skipulagssvæðinu og enginn búnaður á svæðinu sem gæti valdið umhverfisspjöllum. Aðkoma að svæðinu er á snjó og hafa ferðir á jökli ekki áhrif á náttúru nema að því leyti að ummerki eftir vélsleða eru tiltölulega fljót að mást í burtu í síbreytilegu yfirborði jökulsins. Íshellirinn mun hverfa, ef honum verði ekki haldið við á um 2 árum sökum bráðnunar.

Áhrif á jarðmyndanir eru metin óveruleg. Engin röskun verður á jarðmyndunum þar sem framkvæmdin er aðeins á snjó. Engar byggingar verða á skipulagssvæðinu.

Áhrif á heilsu og öryggi eru metin óveruleg/neikvæð. Ferðir á vélsleðum gætu aukist við aukinn straum ferðamanna og þar með eykst útblástur af vélasleðum en stefnt er að því að yfirfæra vélsleðaflotann sem notaðir eru í íshella ferðum yfir á rafmagns vélsleða.

Suðurland er þekkt jarðskjálftasvæði en ekki er talin vera hættu á hruni í hellinum sé honum vel við haldið. Komi upp aðstæður þar sem fjarlægja þurfi búnað úr hellinum sökum náttúruvár eða annarra aðstæðna er talið að tveir menn geti unnið þá vinnu á einum degi.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Breytingin er líkleg til að leiða til fjölgunar atvinnutækifæra, þar sem talið er að uppbygging íshella auki fjölbreytni í ferðaþjónustu og hafi þar sem jákvæð áhrif á atvinnulíf.

Áhrif á minjar og verndarsvæði eru metin óveruleg. Engar þekktar minjar eru á svæðinu. Svæði er utan vatnsverndarsvæðis og utan hverfisverndar.

5.1.1 Niðurstaða

Vegna mikillar eftirspurnar eftir ferðum í íshella þykir ekki tilefni til þess að samnýta manngerðan íshelli sem er staðsettur ofar á jöklinum. Því er talið að skynsamlegast að nýta þann náttúrlega helli sem nú er til staðar og byggja hann frekar upp. Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni þar sem hún er að fullu afturkræf því íshellirinn mun hverfa ef honum verður ekki haldið við og ef jökullinn bráðnar. Þar sem ferðaþjónustu fyrirtækin stefna á að rafvæða hluta vélsleðaflotans mun megnun af völdum ferðataekja minnka töluvert. Breytingin mun auka atvinnumöguleika og veitinga- og gistiþjónustu í kringum ferðaþjónustuna á svæðinu.

6 SKIPULAGSFERLIÐ

6.1 Umsagnaraðilar

Skipulagslýsing var kynnt í júlí 2023. Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum: Forsætisráðuneytinu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Vega-gerðinni og Veðurstofu Íslands.

Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda.

6.2 Umsagnaraðilar deiliskipulagstillögu

Umhverfisstofnun telur sig ekki þurfa að veita umsögn, nema svæðið sé á skilgreindu verndarsvæði en óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin

6.3 Skipulagsferlið

Skipulags- og matslýsing auglýst sumarið 2023.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag kynnt síðla árs 2023.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag auglýst í byrjun árs 2024.

Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag staðfest vorið 2024.